



Lokaskýrsla um flugslys

Mál nr.: **19-118F033**

Dagsetning: **15. ágúst 2019**

Staðsetning: **Svefneyjar á Breiðafirði**

Atvik: **Hlekkist á í flugtaki og hafnaði á hvoli í fjöruborði**

Rannsókn samkvæmt lögum nr.18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum og skal ekki leitast við að skipta sök eða ábyrgð.

1. HELSTU STAÐREYNDIR

Staður, veður og tími	
Staðsetning:	Svefneyjar á Breiðafirði
Dagsetning:	15. ágúst 2019
Veður	Austnorðaustan 20-24 hnútar (10-12 m/s), 8-10°C (sjá nánar í viðauka)
Tími¹:	Um kl. 16:00

Lofftar	
Tegund:	Piper PA-18-150
Skrásetning:	TF-KAY
Framleiðsluár:	1983
Raðnúmer:	18-8309015
Lofthæfiskirteini:	Í gildi

Aðrar upplýsingar	
Tegund flugs:	Einkaflug
Fjöldi um borð:	Tveir
Meiðsl:	Engin
Skemmdir:	Töluverðar
Atvikalýsing:	Í flugtaksbruni leitaði flugvélin til vinstri og út af flugbrautinni þar sem hún féll í fjöruborðið og hafnaði á hvolfi.

Flugmaður		
Aldur:	54 ára	
Skírteini:	Handhafi einkaflugmannsskírteinis, í gildi	
Áritanir:	Á ekki við	
Heilbrigðisvottorð:	Í gildi	
Reynsla:	Heildartími:	Um 700 stundir
	Á þessa tegund (stélhjólsvél):	Um 125 stundir

¹ Allir tímar í skýrslunni eru staðartími (UTC) ef annað er ekki tekið fram

Um flugið

Flugmaður flaug ásamt farþega frá flugvælinum á Tungubökkum í Mosfellsbæ til Svegneyja. Hægur vindur var á flugvælinum í Mosfellsbæ og að sögn flugmannsins gerði veðurspá ráð fyrir 12-15 hnútum að norðaustan á Breiðafirði. Flugmaðurinn fyllti á eldsneytistanka flugvélarinnar fyrir flugtak í Mosfellsbæ.

Flugtíminn frá Mosfellsbæ í Svegneyjar var 1,2 klst samkvæmt mæli². Flugmaðurinn lenti í Svegneyjum um kl. 14:00. Um tveimur klukkustundum síðar, eða um kl. 16:00, hugðist hann fara í loftið frá Svegneyjum ásamt farþeganum.

Flugmaðurinn gerði ekki þyngdar

– og jafnvægisútreikninga, en miðaði við útreikninga sem hann

hafði áður gert fyrir flugtak frá flugvælinum á Tungubökkum í Mosfellsbæ og voru þeir innan marka. Hann gerði ráð fyrir um 80 lítrum af eldsneyti og samtals voru flugmaður og farþegi um 165 kg.

Flugmaðurinn ók flugvélinni út á suðvesturenda flugbrautarinnar og hóf flugtak með 10° flapa til norðausturs.

Í flugtakinu setti flugmaðurinn stýrispinna að fullu aftur og hallastýri að einhverju leyti til hægri, og gaf hreyflinum fullt afl.

Þegar hann hafði náð um 20-25

mílna hraða telur hann að sviftivindur hafi komið undir hægri væng flugvélarinnar þannig að hann lyftist og flugvélin snérist til vinstri. Flugvélin var þá á þeim stað þar sem flugbrautin mjókkar. Að sögn flugmannsins, var hann ekki komin með fulla stjórn á hliðarstýri á þessum tímapunkti og flugvélin leitaði til vinstri þannig að vinstra aðalhjól fór út af flugbrautinni. Flugvélin hélt áfram út af flugbrautinni og hafnaði á hvolfi í fjöruborðinu.



Mynd 1: Staðsetning Svegneyja



Mynd 2: Flugvélin þar sem hún hafnaði í fjöruborðinu

² Tachometer

2. GREINING OG NIÐURSTAÐA

Flugbrautin í Svefneyjum er 170-190 metra löng og mjókkar um það bil 30 metra frá suðvesturenda hennar, en þar er hún um 8-9 metra breið. Flugvélin hafnaði á hvoli í fjörunni um 80 metrum frá flugbrautarenda að suðvestanverðu.



Mynd 3: Flugbrautin í Svefneyjum – Rauða línan sýnir líklegan ferill flugvélarinnar – Bláa lína sýnir vindstefnu um 2 ½ klst eftir slysið

Samkvæmt handbók flugvélarinnar þarf flugvélin um 60 metra langa flugbraut til flugtaks og um 150 metra til þess að ná 50 fetum yfir þröskuldi. Þetta miðast þó við staðalaðstæður en á Mynd 4 má sjá að flugbrautin er grasbraut.




Mynd 4: Flugbrautin í Svefneyjum - Horft í flugtaksstefnu

Flugbrautarstefnan er um það bil 32° (true). Í Svefneyjum er segulskekkjan 14°V og er segulstefnan því 46°.

Samkvæmt veðurupplýsingum frá Veðurstofu Íslands má sjá að kl. 16:00 þann 15 ágúst 2019 var vindur³ að austnorðaustan og vindstyrkur um 20-24 hnútar (10-12 m/s) á þeim stað sem slysið varð.

Á myndinni hér að neðan má sjá rauðan punkt þar sem slysið varð.



Mynd 5: Veðurkort frá Veðurstofu Íslands - Litirnir segja til um vindstyrk (sjá neðst á myndinni)

³ Veðurkort fyrir 10 metra hæð



Mynd 6: Vindpoki sýnir vindstefnu um 2 1/2 klst. eftir slysið

Rannsakandi frá RNSA kom á vettvang um kl. 18:30 eða um 2 ½ klst eftir að slysið átti sér stað og var þá vindur eins og sjá má á mynd hér að ofan og til hliðar. Miðað við þessa vindstefnu í 20 hnúta vindi reiknast mótvindur á flugbrautarstefnu um 14-15 hnútar og hliðarvindsstuðull 13-14 hnútar.



Í 24 hnúta vindi væri mótvindur um 17-18 hnútar og hliðarvindsstuðull 15-17 hnútar.

Mynd 7: Um 15 hnúta vind þarf til að vindpoki sé fullstrektur.

Við rannsóknina kom fram að ekkert athugavert var við stjórnveli flugvélarinnar í flugtakinu og störfuðu þeir eðlilega. Að sögn flugmannsins hefur hann töluverða reynslu af flugtökum stélhjólflugvéla við hliðarvindsaðstæður en yfirleitt hefur hann þá haft breiðari flugbraut.

Það er mat RNSA að flugvélin hafi leitað út af flugbrautinni vegna vindáhrifa og að flugbrautin sé það mjó á kafla (um 8-9 metrar að breidd) að hún gefi ekki mikið svigrúm fyrir flugtak í hliðarvind.

RNSA telur að veður hafi verið þannig að krefjandi aðstæður voru til flugtaks í Svefneyjum á þessum tíma en það hefði mátt sjá fyrir ef ítarlegri veðuropplýsinga hefði verið aflað fyrir flug þangað.

3. TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT

Tillögur í öryggisátt:

Engar

Tilmæli:

RNSA hvetur flugmenn til þess að taka ávallt tilhlýðilegt tillit til aðstæðna



Skýrsluna samþykkja:

- Geirprúður Alfreðsdóttir, formaður
- Bryndís Lára Torfadóttir, nefndarmaður
- Gestur Gunnarsson, nefndarmaður
- Hörður Arilfússon, varamaður
- Tómas Davíð Þorsteinsson, varamaður


Reykjavík 30. desember 2020

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Þorkell Ágústsson
stjórnandi rannsóknar

Viðauki 1 – Veðurskilyrði

Skýjahula yfir Íslandi þegar slysið varð – Bláa myndin sýnir lágský



Á veðurkortinu hér að neðan má sjá veðurstöðvar sem mæla um 25-30 hnúta vind úr 30°- 40° stefnu.

